Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2026 - 2027

Námsgrein: Heimilisfræði **Árgangur**: 3. bekkur

Kennari: Halldóra St. Kristjónsdóttir **Netfang**: halldora@klaustur.is

Almennt: Hópurinn hittist tvisvar í viku, tvöfaldir tímar í senn, 2*40 mín, mánudaga og föstudaga. Lotan þeirra stendur frá 19.03.-28.05.27. Tímarnir á mánudögum munu byggjast á verkefnavinnu, þar sem við förum yfir bóklegt efni saman og vinnum verkefnin sem hópur, út frá þessu munu skapast umræður þar sem nemendur fá að koma með sínar skoðanir og læra að virða skoðanir annara. Á föstudögum verður lögð áhersla að bakstur og létta eldamennsku. Lögð verður áhersla á hvaða hættur er að finna í eldhúsi, hvernig við vinnum saman í eldhúsi, heilbrigða lífshætti, neysluvenjur, næringarefni, umhverfisvernd og tannvernd.

Helstu markmið: Í lok lotunnar eiga nemendur að geta skilið einfaldar uppskriftir, geta útbúið hollar máltíðir með aðstoð, sagt frá tannheilsu, neysluvenjum, farið eftir einföldum fyrirmælum um þrif og frágang og gert grein fyrir helstu hættum í eldhúsi og hvernig við vinnum saman. Þau eiga að geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð ásamt því að vinna sem hópur.

Hlekkur á aðalnámskrá: https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024

Námsgögn: Heimilisfræði 3.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Vika 1 Vika 2 Vika 3	Fyrsta vikan fer rólega af stað, á föstudegi förum við yfir eldhúsið, þar sem við rifjum upp hætturnar og hvernig við göngum frá eftir okkur. Á mánudegi vinnum við í heimilisfræði 3 bls 2-4 Á föstudegi gerum við Regnbogabrauð. Á mánudegi vinnum við í heimilisfræði 3 bls 21-23. Á föstudegi gerum við kókoskúlur.	Einstaklingsvinna, umræðutímar, para- og hópavinna.	<u>Matreiðsla:</u> • Útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð. <u>Vinnubrögð</u> • Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinnt viðeigandi frágangi. <u>Vinnuvernd:</u> • Gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. <u>Lífshættir:</u> • Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. <u>Næring:</u> • Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. <u>Hreinlæti:</u> • Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. <u>Menning:</u> • Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald og þekki þjóðlegan mat.

Vika 4	Á mánudegi vinnum við í Heimilisfræði 3 bls 24-25 Á föstudegi gerum við Tortillabita.		
Vika 5	Á mánudegi förum við í Heimilisfræði 3 bls 26-27. Á föstudegi gerum við partýpinna		
Vika 6	Á mánudegi förum við í Heimilisfræði 3 bls 28-30 Á föstudegi gerum við pizzabrauð.		
Vika 7	Á mánudegi förum við í Heimilisfræði 3 bls 31-33.		

	Á föstudegi gerum við grænmetisbakka.		
Vika 8	Á mánudegi förum við í Heimilisfræði 3 upprifjun á efni og verkefni í samræmi við það.		
	Á föstudegi gerum við pizzusnúða.		
Vika 9	Á Mánudegi förum við í upprifjun á efninu.		

Námsmat:

Námsmat byggir á hversu vel þau taka þátt í umræðutímum við að leysa verkefni sem og verkefnavinnu í vinnubók yfir lotuna, eins með samvinnu við aðrar nemendur og frágang í heimilisfræðistofu. Námsmat gefið í umsögn í loka annar.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.